



96. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í íslenskustofu mánudaginn 26. apríl 2021 kl. 12:50

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnson, Eydís Indriðadóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Oddný Benónýsdóttir (fulltrúi nemenda), Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóna Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarskólameistari, Halldór Páll Halldórsson skólameistari og Áslaug Harðardóttir sem ritaði fundargerð. Fanney Ólöf Lárusdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Velkomst
2. Kjör formanns skólanefndar ML
3. Staða framkvæmda við skólahúsið og starfsmannahúsnæði
4. Verkefni skólaársins á covid tímum
5. Niðurstaða forvals – umsóknir um skólavist
6. Mötuneytismál, staða, stefnumótun og framtíðarsýn
7. Önnur mál

Halldór Páll setti fund.

1. Velkomst

Halldór Páll bauð alla velkomna.

2. Kjör formanns skólanefndar ML

Halldór Páll lagði til að Gunnar myndi taka við formannsembættinu í þessari skólanefnd. Engin mótframboð og samþykkt að Gunnar verði formaður.

3. Staða framkvæmda við skólahúsið og starfsmannahúsnæði

Halldór Páll og Jóna Katrín fóru yfir stöðu mála á framkvæmdum á skólahúsnæðinu. Þær hafa gengið vel. Skipt er um alla glugga og klæðningu. Framkvæmdaraðilinn heitir K-16 og hafa samskiptin við fyrirtækið gengið vel. Starfsmennirnir búa í brytaíbúðinni. Þegar þessum framkvæmdum lýkur stendur til að breyta íbúðinni í fjölnota kennslurými, m.a. fyrir myndlist, tónlist o.fl. Breyta á innganginum inn í skólahúsnæðið.

Það hefur lengi verið baráttumál að fá fjármagn til að taka starfsmannahúsnæðið í gegn. Þegar húsnæðið færðist yfir í Fasteignir Ríkisins fékkst loksins fjármagn. Pálmi kom inn á fundinn og lýsti því hver staðan er. Mikið er búið að gera fyrir húsin en enn er nokkuð eftir og ætti þetta allt að vera langt komið eftir sumarið. Í sumar á að laga múrskemmdir á húsunum og mála.

Einnig á að taka gólf í gegn í eldhúsinu í skólahúsinu.



Gunnar spurði hvort búið væri að kaupa bíl fyrir skólann. Pálmi sagði svo vera og lýsti yfir mikilli ánægju með hann. Hann hefur m.a. nýst í að fara með reiðhjól til Reykjavíkur í yfirhalningu. Það var hluti af grænu skrefunum.

Pálmi setur spurningamerki við að það skuli vera stórir opnanlegir gluggar á fjarvistinni, í ljósi sögunnar. Hann er að skoða málið með brunavarnaryfirvöldum.

4. Verkefni skólaársins á covid tímum

Jóna Katrín fór yfir hvernig skólaárið hefur verið. Mikið fjarnám var á haustönninni. Jóna Katrín hvatti fundarmenn til að lesa ársskýrsluna fyrir árið 2020, sem er á heimasíðu ML. Mikið var um neyðarfund, bæði með menntamálaráðherra og neyðarstjórn. Það var erfitt fyrir nemendur að gera alltaf ráð fyrir því að vera alveg að koma í skólann og svo gekk það ekki vegna nýrra sóttvarnareglna.

Á vorönninni var Héraðsskólinn tekinn á leigu og þar fór hluti kennslunnar fram á fyrri hluta annarinnar. Eftir að slakað var á sóttvörnum hafa allir nemendur verið í skólahúsinu. Það hafðist að halda árs hátíð í íþróttahúsinu, sem var virkilega ánægjulegt. Einnig náðist að skíra nýnemana núna í apríl.

Gunnar spurði hvernig það hefði verið fyrir nemendur að koma aftur í ML, nú á vorönn. Oddný sagði að allir nemendur hafi verið mjög ánægðir að koma aftur í skólann, það hafi verið mjög erfitt að hanga heima fyrir framan tölvuna. En það tók líka á að koma í skólann, það var mikið að gera í náminu.

Halldór Páll lýsti yfir ánægju með störf Jónu Katrínar á meðan hann var í leyfi.

Gunnar spurði hvort ríkið ætli að styrkja mötuneytið að einhverju leyti. Jóna Katrín hefur leitað leiða á mörgum stöðum og hefur hvergi fengið jákvætt svar.

5. Niðurstaða forvals – umsóknir um skólavist

Áslaug fór yfir stöðuna eins og hún er núna. 61 umsókn hafa borist, 22 inn á náttúruvísindabraut og 39 inn á félags- og hugvísindabraut. 85% 10. bekkinga hafa núna valið skóla. Vali líkur í byrjun júní. Nýnemar koma víðsvegar að, flestir frá Selfossi og höfuðborgarsvæðinu.

Nokkur umræða skapaðist um heimaviku, fjarnám og dreifðar byggðir. Fundarmenn sammála að þarna liggi tækifæri fyrir skólann.

6. Mötuneytismál, staða, stefnumótun og framtíðarsýn

Skólameistari fór yfir stöðuna. Skólinn átti uppsafnað fé, sem bjargaði miklu í covid ástandinu. Rekstrartap á mötuneytinu var um 11,7 milljónir fyrir síðasta rekstrarár. Tapið á síðustu önn var 16,2 milljónir. Frá apríl til desember 2020 er rekstrartapið 34,5 milljónir. Mötuneytið er skilgreint sem félagasamtök. Það var erfitt að fá yfirdráttarheimild, en það hafðist á endanum. Skólameistari er á því að það þurfi að skilgreina mötuneyti betur í kerfinu. Skólinn á eftir að fá svar frá ráðuneytinu um styrk til mötuneytisins. Í júnímánuði þarf að verðleggja máltíðirnar, í raun er gjaldsetningin of lág núna.

Skólinn hefur orðið af tekjum vegna herbergjaleigu því nemendur voru auðvitað mikið í burtu vegna covid á skólaárinu.



ML er skóli með grænfánann, er í grænu skrefunum í bókhaldi og einnig heilsueflandi skóli. Skólameistari leggur til að fari fram stefnumótun varðandi mötuneytið m.a. í tengslum við þessi verkefni. Þar myndi skólameistari vilja fá skólanefndina að borðinu.

Gunnar spurði hvort það væri krafa þeirra sem nýta mötuneytið að fæðið væri heilsusamlegra. Oddný sagði að salatbarinn væri mjög flottur. Jóna Katrín sagði að þessi krafa kæmi dálítið að ofan, m.a. í gegnum Grænu skrefin. Jóhannes lagði áherslu á fjölbreytnina. Freyja sagði að nokkrar athugasemdir hefðu komið í foreldrakönnun um daginn. Stefnt er að því teymi fari yfir starfsemi mötuneytisins með tilliti til allra þessara þátta og að formleg stefna verði mótuð um starfsemi þess og almennt um næringarinnihald.

7. Önnur mál

- a. Pálmi skaust inn á fundinn með nýjasta verlaunagrip skólans. ML og Grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni fengu landgræðsluverðlaunin vegna verkefnis á Langamel. Frétt um þetta mun koma á heimasíðuna.
- b. Nefndarmenn fóru undir handleiðslu skólameistara að kynna sér framkvæmdir á skólahúsnaði.

Fundargerð var lesin upp í lok fundar og staðfest samþykkt af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 14:25